



HS VEITUR

Verðbréfalýsing

HSVE 42 1110

29. ágúst 2023

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Kvika banki hf.



Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir.....	3
1.1	Almenn áhætta skuldabréfa.....	3
1.2	Áhætta tengd skuldabréfum.....	4
1.2.1	Seljanleikaáhætta.....	4
1.2.2	Markaðsáhætta.....	4
1.2.3	Lausafjáraáhætta.....	4
1.2.4	Endurgreiðsluáhætta.....	4
1.2.5	Vaxtaáhætta.....	4
1.2.6	Verðbólguáhætta.....	5
1.2.7	Verðtryggingaráhætta.....	5
1.2.8	Mótaðilaáhætta.....	5
1.2.9	Uppgjörsáhætta.....	5
1.2.10	Áhætta vegna skilmálabreytinga.....	5
1.2.11	Lagaleg- og skattaleg áhætta.....	5
2	Upplýsingar um skuldabréfin.....	7
2.1	Almennt um verðbréfin.....	7
2.2	Heimild til útgáfunnar.....	7
2.3	Grænn fjármögnunarramma.....	7
2.4	Skilmálar skuldabréfaflokksins.....	8
2.5	Lagarammi.....	12
2.6	Rafræn skráning og framsal.....	13
2.7	Forgangsröðun skuldabréfanna.....	13
2.8	Skilmálabreytingar.....	13
2.9	Skattamál.....	13
2.10	Taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.....	13
2.11	Kostnaður vegna töku til viðskipta.....	13
2.11.1	Ástæða útgáfunnar, ráðstöfun andvirðis hennar og markmið með töku bréfanna til viðskipta 14	
2.12	Afskráning.....	14
3	Tilkynning til fjárfesta.....	15
3.1	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar.....	15
3.2	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	16
3.3	Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta.....	16
3.4	Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.....	16

3.5 Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda..... 16

1 Áhættuþættir

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ (hér eftir „**HS Veitur**“, „**útgefandi**“ eða „**félagið**“), er kunnugt um og telur að geti haft áhrif á getu félagsins til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum vegna skuldabréfanna sem bera auðkennið HSVE 42 1110, ýmist nefnt („**skuldabréfin**“, **skuldabréfaflokkurinn**“ eða „**flokkurinn**“). Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafli 1 „*Áhættuþættir*“ í verðbréfalýsingu þessari tæmandi lýsingu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfafloknum útgefnum af HS Veitum.

Lýsing þessi sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu, dagsettar 29. ágúst 2023, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins HSVE 42 1110 til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“).

Áhættuþættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Þannig er leitast við að telja upp fyrst alvarlegustu áhættuþættina. Útgefandi getur ekki metið líkur þess að tilteknir áhættuþættir, sem hér er fjallað um, muni hafa áhrif á starfsemi félagsins en áhættuþáttunum er raðað í mikilvægisröð, m.a. út frá líkunum að þeir raungerist. Sá möguleiki er ennfremur fyrir hendi að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast miðað við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir raungerist en í neðangreindri umfjöllun setur félagið fram líkindaröð samkvæmt bestu vitund. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Til að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af útgefanda eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel skilmála skuldabréfanna, áhættuþætti sem lýst er hér á eftir og upplýsingar um eignir útgefandans, áður en ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum er tekin.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfin í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því ekki til áhættu.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum útgefnum af HS Veitum er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu útgefanda, dagsettar 29. ágúst 2023.

1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta.

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að lækkanir verða á mörkuðum með fjármálagerninga og þá á verði skuldabréfanna, s.s. breytingar á

vaxtastigi, lagabreytingar, ófyrirséðir atburðir eða áföll og almennt efnahagsástand. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Nánar er vikið að lagaumhverfi því sem um verðbréfin og útgefanda þeirra gilda í kafla 1.2.11 „Lagaleg- og skattaleg áhætta“ í verðbréfalýsingu þessari.

Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að skuldabréf í einstökum félögum reynist óarðbær.

1.2 Áhætta tengd skuldabréfum

1.2.1 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfanna felst í því að ekki reynist mögulegt að selja skuldabréfin á þeim tíma og/eða í því magni eða á því verði sem fjárfestar vilja. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk sem veldur því að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin. Ekki verður viðskiptavakt með skuldabréfin.

1.2.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markaðsvirði skuldabréfa lækkar, að öllu öðru óbreyttu, ef almennir vextir hækka og öfugt. Vaxtaáhætta er meiri á lengri skuldabréfum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér markaðsáhattu skuldabréfa og meta áhrif vaxtabreytinga á markaðsvirði skuldabréfa.

1.2.3 Lausafjáraáhætta

Lásafjáraáhætta er áhætta á því að HS Veitur lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíð. Áhætta fjárfesta vegna lausafjávanda útgefanda endurspeglast í getu útgefanda til að standa skil á skuldbindingum sínum vegna skuldabréfanna. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

1.2.4 Endurgreiðsluáhætta

Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Skuldbinding útgefanda er bein og óskilyrt. Endurgreiðsluáhætta felst í því að útgefandi verði ófær um að greiða af skuldabréfunum á gjalddaga og takist ekki, þrátt fyrir tímafresti til úrbóta, að mæta skuldbindingum vegna þeirra. Til að draga úr slíkri áhættu hefur útgefandi samþykkt skilmála vegna skuldabréfaflokksins sem ætlað er að bæta réttarstöðu skuldabréfaeigenda gagnvart útgefanda. Skilmálarnir innihalda m.a. gjaldfellingarákvæði að undangengnu samþykki að lágmarki 15% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð.

1.2.5 Vaxtaáhætta

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa, að öðru óbreyttu, ef vextir hækka og öfugt. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að fjárfestar í skuldabréfum með föstum vöxtum taka áhættu á að gengi skuldabréfsins lækki, ef vextir hækka. Því lengri sem lánstími skuldabréfa er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta, að öðru óbreyttu.

Skuldabréfin í flokki HSVE 42 1110 bera fasta 2,90% verðtryggða vexti og eru til 20 ára. Aðilar sem fjárfesta í skuldabréfum með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir skuldabréfanna og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greidda sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Að öðru óbreyttu þá lækkar oftast markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum, ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri.

Breytingar á markaðsaðstæðum hverju sinni hefur því meiri áhrif á skuldabréfin, en á styttri, óverðtryggð skuldabréf á föstum vöxtum.

1.2.6 Verðbólguáhætta

Skuldabréfin eru vísitölutryggð með vísitölu neysluverðs. Breytingar á vísitölu neysluverðs, sem lögð er til grundvallar verðtryggingu skuldabréfanna, geta haft áhrif á virði skuldabréfanna, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Við verðlagsbreytingar, einkum ef verðlag breytist mikið yfir skamman tíma (þ.e. verðbóluskot), getur orðið frávik milli þróunar verðlags og gjaldskrár sem hefur neikvæð áhrif á rekstrarafkomu félagsins. Sögulega hefur slíkt misræmi leiðrétt sig í kjölfar verðbóluskots og neikvæðu áhrifin á rekstrarafkomu félagsins því verið tímabundin.

1.2.7 Verðtryggingaráhætta

Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við dagvísitölu vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu bréfanna og gildi VNV á hverjum afborgunar- og vaxtagjalddaga. Breytingar á VNV hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi VNV áður en vextir eru reiknaðir. Breytingar á verðbólgu hefur því bein áhrif á virði skuldabréfaflokksins.

1.2.8 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta getur einnig falist í því að mótaðili í viðskiptum með skuldabréfin á eftirmarkaði standi ekki við skuldbindingar sínar, þ.e. að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er þar sem mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta, þrátt fyrir að þau úrræði sem fjárfestar hafa skv. skilmálum skuldabréfanna. Fjallað er sérstaklega um útgefanda skuldabréfanna og þá áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um hann í útgefandalýsingu HS Veitna, dagsett 29. ágúst 2023.

1.2.9 Uppgjörsáhætta

Sú áhætta er til staðar, í tengslum við möguleg viðskipti með skuldabréfin, að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

1.2.10 Áhætta vegna skilmálabreytinga

Útgefanda er heimilt að óska eftir breytingu á skilmálum skuldabréfsins, en ákvörðun um slíkt skal taka á fundi skuldabréfaeigenda. Tillögur að breyttum skilmálum skuldabréfanna teljast vera samþykktar ef 90% skuldabréfaeigenda samþykkja hana. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hætta fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að 10% eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig.

1.2.11 Lagaleg- og skattaleg áhætta

Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög sem í gildi voru við staðfestingu lýsingar þessarar.

Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 63. tl. 1. mgr. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Auk þess ber útgefanda að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglugerðir og reglur setta á grundvelli fyrrnefndra laga, svo sem reglugerð nr.

977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Að auki við þau lög sem varða verðbréfavíðskipti og útgáfu skuldabréfa þá er útgefandi bundinn af íslenskri skattalöggjöf eins og hún er á hverjum tíma, svo sem lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, lögum um stimpilgjald nr. 138/2013. Skattalöggjöf kann að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir fjárfesta og útgefanda á líftíma skuldabréfanna.

Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir gætu haft áhrif á starfsemi félagsins og virði skuldabréfanna til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir félagið eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu. Útgefandi getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnvalda eða öðrum atriðum sem kunna að eiga sér stað á líftíma skuldabréfanna eftir dagsetningu verðbréfalýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldabréfanna og virði þeirra.

HS Veitur kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir verði félaginu óhagfelldir.

2 Upplýsingar um skuldabréfin

2.1 Almennt um verðbréfin

Auðkenni skuldabréfaflokks	ISIN	Nafnverðs-eining flokks	Loka-gjalddagi	Gjaldmiðill	Tegund	Verðtrygging	Nafn-vextir
HSVE 42 1110	IS0000034650	20 m.kr.	10.11.2022	ISK	Jafngreiðslu-bréf	VNV	2,90%

Skuldabréfaflokkurinn HSVE 42 1110 var gefinn út til að fjármagna verkefni sem falla undir grænan fjármögnunarramma félagsins ásamt því að tryggja langtímafjármögnun félagsins á sem bestu kjörum. Heildarheimild skuldabréfaflokksins 7 ma.kr og hver nafnverðseining er 20.000.000 kr. Tegund bréfanna er jafngreiðslubríf. Skuldabréfin eru gefin nafnbréf, rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD SE, útibúi á Íslandi, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, („**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“). Bréfin eru vistuð á vörslureikningi viðkomandi fjárfestis hjá reikningsstofnun að hans vali. Eignaskráning rafréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eigendum þeirra þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem þeir eru skráðir að.

Útgáfa skuldabréfanna var einungis boðin útvöldum íslenskum fagfjárfestum til kaups, í samræmi við lið í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðs (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní 2017, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (hér eftir „**lýsingarreglugerð**“). Útboðið var undanþegið gerð lýsingar, sbr. a og c lið, 4. mgr. 1. gr. lýsingareglugerðarinnar. Engin opinber tilkynning var birt um útboðið, sem taldist ekki almennt útboð í skilningi d liðar í 2. gr. lýsingarreglugerðarinnar.

Sala og afhending bréfanna fór fram gegn staðgreiðslu. Hægt verður að eiga með þau viðskipti á eftirmarkaði á líftíma bréfanna. Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfafloknum eru ávallt jafnréttáar innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslum af skuldabréfunum. Verðbréfin hafa ekki skráð láns hæfismat. Skuldabréfin eru ekki tryggð með veðandlagi.

2.2 Heimild til útgáfunnar

Stjórn HS Veitna samþykkti heimild til útgáfu skuldabréfanna á fundi sínum þann 4. nóvember 2022. Sala skuldabréfanna fór fram 3. nóvember 2022 og var tekið við tilboðum að nafnverði 2.000 milljónir króna og var skuldabréfið selt á pari.

2.3 Græn skuldabréf

HS Veitur vinna margvísleg verkefni á sviði sjálfbærni og byggir kjarnastarfsemi HS Veitna á því að dreifa endurnýjanlegri orku til samfélagsins. HS Veitur hafa unnið skipulega að umhverfismálum um langa hríð. Græni fjármögnunarramminn og skuldabréfaútgáfan sem undir hann fellur er staðfesting á þeim markmiðum sem HS Veitur hafa sett sér sem snúa að því að fjármagna eða endurfjármagna verkefni sem stuðla að ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Tilgangur útgáfu grænna skuldabréfa er að fjármagna þau fjölmörgu grænu verkefni sem eru á döfnni hjá HS Veitum. Má þar nefna; stækkun dreifikerfis rafveitu, stækkun dreifikerfis hitaveitu, snjallvæðing veitukerfa og varmadælustöðin í Vestmannaeyjum.

Græni fjármögnunarramminn fylgir svokölluðum „green bond principles“, viðmiðum útgefnum af ICMA, alþjóðasamtökum aðila á verðbréfamarkaði auk viðmiðum flokkunarkerfi ESB um sjálfbærar fjárfestingar. Græni fjármögnunarramminn byggir á fjórum stöðum:

1. Skilgreiningu grænna verkefnaflokka

- Andvirði grænnar fjármögnunar verður ráðstafað til gjaldgengra grænna verkefna HS Veitna, bæði til fjárfestingar og annan kostnað. Flokkar gjaldgengra eigna HS Veitna eru umhverfissvænar samgöngur, innviðir orkudreifingar og stjórnarhættir, og sjálfbær vatnsstjórnun.
2. Valferli grænna verkefna
 - Stjórn HS Veitna samþykkir sjálfbærnistefnuna en eigandi hennar er forstjóri HS Veitna sem ber ábyrgð á því að hún sé endurskoðuð á tveggja ára fresti. Sjálfbærninefnd sér um að framfylgja markmiðum hennar.
 3. Meðferð fjármuna
 - HS Veitur hyggjast úthluta fjármagninu til grænna verkefna innan 36 mánaða frá hverri fjármögnun
 4. Skýrslugjöf til fjárfesta
 - HS Veitur munu gefa út árlegar skýrslur um ráðstöfun fjármuna og áhrif grænnar fjármögnunar samhliða ársreikningi þar til andvirði grænnar fjármögnunar hefur verið ráðstafað af fullu. Fyrsta skýrslan verður gefin út samhliða ársskýrslu félagsins vorið 2024.

Nánari upplýsingar um græna fjármögnunarramman má finna á eftirfarandi slóð: <https://www.hsveitur.is/media/109716/green-financing-framework-hs-veitur.pdf>

CICERO (Center for International Climate Research) hefur veitt óháð álit á rammanum. Hann fékk hæstu einkunnina dökkgrænn fyrir jákvæð umhverfisáhrif verkefnanna og framúrskarandi fyrir umgjörð skuldabréfanna hjá fyrirtækinu. Nánari upplýsingar er að finna á eftirfarandi slóð: <https://www.hsveitur.is/media/109715/cicero-green-second-opinion-hs-veitur.pdf>

2.4 Skilmálar skuldabréfaflokksins

Texti þessi byggir á skilmálum skuldabréfanna vegna rafrænnar útgáfu skuldabréfanna í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Útgefandi:	HS Veitur hf.
LEI kóði:	5493001WFODO2B8KWD84
Auðkenni:	HSVE 42 1110
ISIN kóði:	IS0000034650
Nafnverð áður útgefið:	0
Nafnverð útgefið nú:	2.000.000.000
Nafnverðseining:	20.000.000
Heildarnafnverð útgáfu skv. útgáfuheimild:	7.000.000.000
Gjaldmiðill:	ISK
Útgáfudagur:	10.11.2022
Lokagjalddagi:	10.11.2042
Vextir:	2,90%
Dagaregla:	30E/360
Fyrsti vaxtadagur:	10.11.2022
Fjöldi gjalddaga á ári:	2 (10. maí og 10. nóvember ár hvert)
Útreikningsaðili:	Útgefandi
Uppgreiðsluheimild:	Útgefanda er óheimilt að greiða upp skuldabréfin
Eftirlitsaðili:	Eftirlitsaðili er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur

Hlutverk eftirlitsaðila:

Eftirlitsaðila ber að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjármálakvöðum og hvort útgefandi uppfyllir önnur skilyrði skuldabréfaflokks. Útgefandi skal birta skýrslur eftirlitsaðila með tilkynningu á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar).

Um skyldur eftirlitsaðila fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og samnings eftirlitsaðila við útgefanda.

Sérstök skilyrði:

- a) **Tilkynning á vanefnd:** Útgefandi skuldbindur sig til að tilkynna skuldabréfaeigendum þegar í stað ef hann verður var við hvers kyns vanefndartilvik samkvæmt skuldabréfunum hafi átt sér stað. Jafnframt skal útgefandi tilkynna um gjaldfellingarheimildir ef þær eru fyrir hendi hjá öðrum lánveitendum útgefanda. Tilkynning samkvæmt ákvæði þessu telst fullnægjandi sé hún birt opinbera á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar), sé útgefandi með útgefna fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta, en annars sé hún send með ábyrgðarpósti.
- b) **Fjárhagsleg skilyrði:** Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta neðangreindum fjárhagslegum skilyrðum sem taka mið af rekstri og efnahag samstæðu útgefanda:
 1. **Sjóðstreymiskvöð:** Nettó vaxtagreiðslur skulu ekki vera hærri en sem nemur 50% af aðlöguðu EBIT á hverju 12 mánaða tímabili.
 2. **Skuldsetning:** Vaxtaberandi skuldir í öðrum gjaldmiðlum en uppgjörsmýnd félagsins skulu ekki vera hærri en 20% af heildar vaxtaberandi skuldum.
 3. **Eiginfjárlutfall:** Eiginfjárlutfall skal á hverjum prófunardegi¹ vera 35% eða hærri. Framangreind fjárhagsleg skilyrði skulu reiknaðar af útgefanda á prófunardögum. Skal útgefandi senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan tveggja vikna frá prófunardegi og skal eftirlitsaðili birta skýrslu sína innan tveggja vikna þaðan í frá.
Viðmiðun: Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörsdögum og rekstrarliðir miðast við undangengna 12 mánuði frá uppgjörsdögum.
- c) **Veðsetning eigna:** Útgefandi skuldbindur sig til þess að setja ekki eignir sínar að veði án skriflegs samþykkis 85% eigenda í skuldabréfaflokki þessum, miðað við fjárhæð.
- d) **Jafnrétt háar kröfur:** Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafnrétt háar (pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til eins eða fleiri skuldabréfaeigenda nema að sama hlutfall sé greitt til allra

¹ Þeir dagar sem útreikningur á fjárhagslegum skilyrðum skuldabréfanna miðast við. Prófunardagar eru tveir talsins á ári hverju, í kjölfar birtingar ársreiknings annars vegar og fyrir fyrstu sex mánuði ársins hins vegar.

skuldabréfaeigendanna. Ákvæði þetta kemur í flokki þessum á markaði af einum eða fleiri skuldabréfaeigendum.

- e) **Bann við breytingum á starfsemi eða tilgangi útgefanda:** Útgefandi skuldbindur sig til að skipta hvorki útgefanda upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög né ger verulegar breytingar á tilgangi útgefanda, nema að fengnu 75% samþykki skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð. Þrátt fyrir framangreint er útgefanda ávallt heimilt að skipta tilteknum eignum sínum eða hluta rekstrar í félag að fullu í eigu útgefanda, enda er útgefanda óheimilt að selja slíkt félag að hluta til eða í heild án samþykkis 75% skuldabréfaeigenda.
- f) **Upplýsingar:** Útgefandi skal birta útreikninga sína, sem og eftirlitsaðila, vegna sérstakra skilyrða opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu.
- g) **Eftirlitsaðili:** Á hverjum tíma skal alltaf vera í gildi samningur við eftirlitsaðila sem skal vera starfandi á líftíma skuldabréfsins. Komi til þess að ekki sé til staðar samningur við eftirlitsaðila skal síðasti eftirlitsaðili starfa með óbreyttar heimildir á grundvelli útseldra tíma samkvæmt eigin verðskrá á kostnað útgefanda þar til nýr eftirlitsaðili hefur verið ráðinn til starfa. Ákvæði þess efnis skal koma fram í samningi útgefanda við eftirlitsaðila.
- h) **Arðgreiðslur o.fl.:** Útgefanda er ekki heimilt að greiða arð, kaupa eigin hlutabréf eða lækka hlutafé með greiðslu hluthafa nema slíkt sé sérstaklega heimilt samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins.
- i) **Einkaleyfi:** Útgefandi hefur einkaleyfi á starfsemi sinni sbr. Raforkulög nr. 65/2003 og Lög um vatnsveitur sveitafélaga nr. 32/2004. Verði breytingar á lögum þannig að einkaleyfi útgefanda verði fellt niður eða ógilt hafa skuldabréfaeigendur rétt til gjaldfellingar.

Breyting á eignarhaldi: Í Raforkulögum nr. 65/2003, er kveðið á um að eignarhald útgefanda þarf ávallt að vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Verði breytingar á lögum sem leiða til breytinga á eignarhaldi útgefanda eða ef meirihlutaeign eignarhalds útgefanda er ekki lengur hjá ríki, sveitarfélögum og/eða fyrirtækjum, sem eru alfarið í eigu þessara aðila, hafa skuldabréfaeigendur rétt til að gjaldfella skuldabréfið.

Dráttarvextir:

Greiði útgefandi ekki sammingsbundnar afborganir og vexti á gjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeigendum heimilt að innheimta dráttarvexti, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni fjárhæð. Komi til þess að gjalddagi skuldabréfanna falli á dag sem ekki er bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er skuldabréfaeigendum ekki heimilt að innheimta dráttarvexti.

Gjaldfellingarheimildir:

Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi innan þrjátíu (30) daga eftir gjalddaga er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Ef (i) fjárnám verður gert hjá útgefanda, (ii) önnur lán útgefanda að lámarki að fjárhæð kr. 100.000.000 fyrir einstakar skuldbindingar eða samtals að fjárhæð kr. 250.000.000 eru gjaldfelld, (iii) fram kemur ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, (iv) útgefandi leitar nauðasamninga, (v) eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða (vi) eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga. Gjaldfelling er þó ekki heimild ef réttmætum mótbárum útgefanda og eðlilegum vörnum er haldið uppi. Skal við mat á heimildum til gjaldfellinga skv. framangreindum (ii) lið horft il þess að fjárhæðir séu verðbættar samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, með sömu grunnvísitölu og skuldabréfin.

Verði útgefandi uppvís að brotum á sérstökum skilyrðum skuldabréfanna hefur hann þrjátíu og fimm daga til að bæta úr broti frá þeim degi að það á sér stað. Sé brot til staðar á þrítugasta og sjötta degi er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Hafi skuldabréfin ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland innan 12 mánaða frá útgáfudegi er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Komi til þess að gjaldfellingarheimild sé til staðar og einhver skuldabréfaeigandi hyggst nýta þá heimild skal ákvörðun um gjaldfellingu fara fram í samræmi við samþykktarferli fyrir gjaldfellingu.

Samþykktarferli fyrir gjaldfellingu:

Komi til þess að til staðar sé gjaldfellingarheimild er hverjum skuldabréfaeiganda heimilt að óska eftir fundi skuldabréfaeigenda þar sem ákvörðun skal tekin um hvort gjaldfella eigi skuldabréfin. Skulu skuldabréfaeigendur beina ósk um fund skuldabréfaeigenda til eftirlitsaðila sem annast fundarboðun og fundarstjórn fundar skuldabréfaeigenda.

Gjaldfelling telst samþykkt ef 15% skuldabréfaeigenda skv. framangreindu samþykkja hana. Allir skuldabréfaeigendur eru bundnir við ákvarðanir sem teknar eru á fundi skuldabréfaeigenda og teljast öll skuldabréfin gjaldfallin sé tekin ákvörðun um gjaldfellingu. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi er ekki heimilt að nýta gjaldfellingarheimilda og skal eftirlitsaðila þá án tafar afboða fundinn.

Fundur skuldabréfaeigenda:

Eftirlitsaðili sér um boðun fundar skuldabréfaeigenda og skal hann innan tveggja (2) daga senda útgefanda tilkynningu um

fundarboðun og skal útgefandi birta slíka tilkynningu opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Fund skuldabréfaeigenda skal ávallt boða með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara og skal fundarboðið tilgreina hvar og hvenær fundur skuldabréfaeigenda skal haldinn. Skirrist útgefandi við að birta fundarboð er eftirlitsaðila heimilt að láta birta tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostnað. Útgefanda er heimilt að tjá sig á fundi skuldabréfaeigenda, en skal víkja af fundi áður en atkvæðagreiðsla hefst.

Atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda miðast við fjárhæð skuldabréfaeignar hvers skuldabréfaeiganda í hlutfalli við útistandandi fjárhæð skuldabréfaflokksins. Skal eignarhlutfall hvers skuldabréfaeigenda miðast við skráða eign þeirra í lok þess dags sem fundur skuldabréfaeigenda er boðaður. Eigi útgefandi hluta skuldabréfanna skal sá hluti ekki bera atkvæðisrétt, og eignarhlutfall annarra skuldabréfaeigenda því verða hlutfallslega hærra sem nemur skuldabréfum í eigu útgefanda.

Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skulu birtar opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Komi til þess að félagið sé ekki með útgefna fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta skal framangreint sent verðbréfamiðstöð sem kemur upplýsingum áleiðis til skuldabréfaeigenda.

Arðgreiðslur:

Greiðsla arðs, kaup á eigin hlutabréfum eða lækkun hlutafjár til greiðslu til hluthafa er heimil innan þeirra marka sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist. Skilyrði fyrir arðgreiðslu, kaupum á eigin hlutabréfum eða lækkun hlutafjár, í hvaða formi sem hún kann að verða, er að engar vanefndir samkvæmt skuldabréfunum sé til staðar eða séu fyrirsjáanlegar vegna aðgerðarinnar. Óheimilt er að greiða arð, kaupa eigin hlutabréf eða lækka hlutafé fari eiginfjárhlutfall útgefanda við það undir 40%.

Upplýsingaöflun:

Útgefanda og eftirlitsaðila er á hverjum tíma heimilt að afla upplýsinga um skráða eigendur skuldabréfaflokksins frá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.

Framsal:

Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila.

Hlunnindi:

Engin sérstök hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.5 Lagarammi

Útgáfa þessi lýtur viðeigandi íslenskum lögum svo sem þau eru við staðfestingu lýsingar þessarar, sbr. lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 63. t.l. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Skuldabréf útgefin af HS Veitum hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fýrnast á 10 árum frá gjalddaga í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, nema kröfur um vexti og verðbætur sem fýrnast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við 3. gr. sömu laga.

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

2.6 Rafræn skráning og framsal

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD Iceland, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Nasdaq CSD Iceland er einmitt heimilt að annast milligöngu og framsal þeirra.

Eignarskráning rafréfa hjá Nasdaq CSD Iceland veitir skráðum eigendum þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem þeir eru skráðir að. Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfanna.

2.7 Forgangsröðun skuldabréfanna

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfafloknum eru ávallt jafnréttáar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda².

2.8 Skilmálabreytingar

Útgefanda er heimilt að óska eftir breytingu á skilmálum skuldabréfsins, en ákvörðun um slíkt skal taka á fundi skuldabréfaeigenda. Fundarboði skal fylgja yfirlit yfir tillögur útgefanda að breyttum skilmálum. Tillögur að breyttum skilmálum skuldabréfanna teljast vera samþykktar ef 90% skuldabréfaeigenda samþykkja hana. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfanna.

2.9 Skattamál

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Um skattalega meðferð skuldabréfa fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu skatta vegna fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum.

2.10 Taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland

Sótt verður um að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fjármálagerninga. Verði umsóknin samþykkt er stefnt að töku bréfanna til viðskipta eigi síðar en 10. nóvember 2023. Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland verður HSVE 42 1110. Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin á Nasdaq Iceland verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

2.11 Kostnaður vegna töku til viðskipta

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er áætlaður kr. 5.500.000. Um er að ræða þóknun til Kviku banka hf. vegna gerð lýsingar og umsjónar með sölu bréfanna, skráningargjaldi

² Kröfur vegna skuldabréfanna njóta sömu réttihæðar og almennar kröfur á hendur útgefanda komi til gjaldþrotaskipta útgefanda

Nasdaq Iceland vegna töku skuldabréfanna til viðskipta skv. gjaldskrá, kostnað Nasdaq verðbréfamiðstöðvar skv. gjaldskrá, kostnaði vegna yfirferðar og staðfestingu Fjármáleftirlitsins og aðra smávægilega kostnaðarliði sem falla undir undirbúning töku skuldabréfanna til viðskipta.

2.11.1 Ástæða útgáfunnar, ráðstöfun andvirðis hennar og markmið með töku bréfanna til viðskipta

Tilgangur útgáfu skuldabréfanna er að fjármagna þau grænu verkefni sem eru á döfinni hjá félaginu. Má þar nefna; stækkun dreifikerfis rafveitu, stækkun dreifikerfis hitaveitu, snjallvæðingu veitukerfa og varmadælustöðin í Vestmannaeyjum. Söluandvirði útgáfunnar var alls kr. 2.000.000.000 og nettósöluandvirði, að teknu tilliti til kostnaðar, er áætlað kr. 1.994.500.000. Notkun ágóðans verður varið í fyrir upp talin græn verkefni hjá HS Veitum.

Markmið með töku skuldabréfanna til viðskipta er að auka markaðshæfi þeirra og seljanleika fyrir fjárfesta.

2.12 Afskráning

Skuldabréfin verða afskráð sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um greiðslufall skuldabréfanna og skal í því tilviki senda verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram. Útgefandi sendir Nasdaq verðbréfamiðstöð staðfestingu á lokagreiðslu.

3 Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing HS Veitna, dagsett 29. ágúst 2023, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins HSVE 42 1110 til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“).

Lýsingin samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, og útgefandalýsingu dagsettri 29.08.2023. Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki HSVE 42 1110.

Verðbréfalýsingin er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Verðbréfalýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 15 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980.

Viðauki 15 er vegna verðbréfalýsingar fyrir heildsöluverðbréf sem ekki er hlutabréfatengd. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. september 2021. Útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland, sem tilgreind eru í reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Verðbréfalýsingin er á íslensku og gildir í 12 mánuði frá birtingu hennar. Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda. Fjárfestar geta einnig óskað eftir prentuðu eintaki sér að kostnaðarlausu á skrifstofu félagsins.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af verðbréfalýsingunni skal hvorki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annara aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi. Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu verðbréfalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 29.08.2023. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Hvorki Kvika banki hf. sem umsjónaraðili eða útgefandi eru skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila í þeim lögsögum sem að framan greinir.

Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel skuldabréfaflokkinn og alla skilmála hans áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfunum. Fjárfestar eru enn fremur hvattir til að kynna sér vel kafla 1 „*Áhættuþættir*“ í verðbréfalýsingu þessari sem og kafla 1 „*Áhættuþættir*“ í útgefandalýsingu HS Veitna, dags. 29.08.2023. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort það henti þeim að fjárfesta í verðbréfum sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari.

3.1 Hugsanlegir hagsmunarárekstrar

Athygli er vakin á hagsmunum útgefanda og Kviku banka hf. vegna töku skuldabréfa HS Veitna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

- Kvika banki hf. hefur haft umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfaflokksins HSVE 42 1110 og þegið þóknunir vegna þess.
- Kvika banki hf. hefur umsjón með gerð lýsingar þessara ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og þiggur þóknun fyrir þau störf.

Að framangreindum þáttum undanskildum er útgefanda ekki kunnugt um hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.

Mögulegir hagsmunaárekstrar stjórnar og félagsins er að finna í umfjöllun um stjórn félagsins og hugsanlega hagsmunaárekstra í kafla 2.3.3 „Stjórn“ og kafla 2.2.4 „Framkvæmdastjórn“ í útgefandalýsingu félagsins dagsett 29. ágúst 2023.

Útgefanda og fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka er ekki skylt að meta hvort kaup á skuldabréfum sem þessi lýsin tekur til sé viðeigandi fyrir fjárfesta.

3.2 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Upplýsingar um vísitölu neysluverðs eiga uppruna sinn hjá Hagstofu Íslands og eru opinber gögn. Útgefandi staðfestir, að því marki sem félaginu er unnt og kunnt um, að þær upplýsingar sem það styðst við frá Hagstofunni eru rétt eftir hafðar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Upplýsingarnar voru fengnar á vef Hagstofu Íslands, <https://www.hagstofa.is>.

3.3 Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („**fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka**“ eða „**umsjónaraðili**“). Fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka var ráðgjafi félagsins og umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta, ásamt markaðsviðskiptum sem hafði umsjón með sölu og útboðum skuldabréfanna.

Fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka hefur jafnframt verið með umsjón við gerð lýsingar útgefanda dagsettar 29. ágúst, vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á skipulegum markað Nasdaq Iceland. Lýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda.

Kvikubanka þiggur þóknun fyrir að aðkomu sína að þessum verkefnum. Samskiptaupplýsingar Kvikubanka eru eftirfarandi:

Símanúmer: +354 520 3200
Tölvupóstfang: fyrirtaekjaradgjof@kvika.is
LEI númer: 254900WR3I1Z9NPC7D84

3.4 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („**Fjármálaeftirlitið**“), sem er lögbært samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem verðbréfalýsingin varðar.

3.5 Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður HS Veitna hf. sem kemur fram fyrir hönd stjórnar útgefanda og forstjóri HS Veitna hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, lýsa hér með yfir, fyrir hönd útgefanda, að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjanesbæ, 29. ágúst 2023

F.h. HS Veitna hf.

Jóhann Friðrik Friðriksson,
stjórnarformaður HS Veitna hf.

Páll Erland,
forstjóri HS Veitna hf.

Undirritunarsíða

F.h. HS Veitna hf.
Jóhann Friðrik Friðriksson

F.h. HS Veitna hf.
Páll Erland Landry